

# Vopnaveita Reykjavíkur?

Þegar þetta er skrifað er Orkuveita Reykjavíkur, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, að vinna að stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Fyrirhugað er að selja orku frá virkjuninni til Century-RUSAL og ALCAN-Rio Tinto til að knýja stækkanir á þeim álverum sem þegar eru til staðar í Hvalfirði og Hafnarfirði og fyrir nýjum álverum við Keflavík og Þorlákshöfn. 30% framleidds áls nýtist við vopnaframleiðslu.

Stækkun álvers Alcan í Hafnarfirði var hafnað með íbúakosningu og aðrar fyrirhugaðar álbræðslur á suðvesturhorninu er ekki búið að ákveða fyrir fast. Sitjandi ríkisstjórn segist vera andstæð frekari álbræðslum en enn er unnið að stækkun á Hellisheiði fyrir 23 milljarða króna. Íslensku þjóðinni verður þröngvað til að borga brúsann. Þegar stækkuninni er lokið verður Ísland neytt til að reisa



fleiri álbræðslur því raforkuna verður að selja til að fá höfuðstólinn tilbaka. Í millitíðinni borga gróðurhúsbandur tvöfalt meira en Century fyrir rafmagn. Fyrirtækin sem hagnast á þessu eru kunn að mannréttindabrotum og umhverfisglæpum.

## CENTURY-RUSAL

Century er hluti af Glencore samsteypunni sem er þekkt fyrir skuggaleg viðskipti við S-afríku apartheid stefnunnar, Kommúnista Rússland, Íran klerkastjórnarinnar og Írak undir stjórn Saddam Hussein. Glencore er runnið saman við RUSAL og myndaði þannig stærsta ál fyrirtæki í heimi. RUSAL er það fyrirtæki sem sér rússneska hernum hvað mest fyrir áli og kemur þannig beint að hinu gleymda stríði í Tsjetsjeníu þar sem amk 35.000 almennir borgarar hafa verið drepnir með sprengjum og flugskeytum úr áli. Glencore átti líka hlut í nýlegu fjöldamorði Wayuu indíana og bænda í Kólumbíu til að stækka námur sínar.

## ALCAN-RIO TINTÓ

Alcan er nú hluti af Ríó Tintó. Alcan hefur sjálft séð breska og evrópska vopnaíðnaðinum fyrir áli. Fyrirtækið hefur skelfilega sögu um umhverfisspjöll og er að reisa álbræðslu í S-Afríku sem knúin eru með kjarnorkuverum og kolaverum. Ríó Tintó er eitt af viðbjóðslegustu fyrirtækjum í heimi, þekkt fyrir að leigja málaliða eins og Sandhill og "Executive Outcomes" sem hafa slátrað frumbyggjum sem barist hafa gegn námavinnslu, t.d. í Bougainville (nærri Papúa Nýju Gíneu).

## ALCOA

Alcoa er stærsti söluaðili áls til bandaríkjahers og framleiðir beint skriðdreka, flugvélar og flugskeyti sem notuð er í stríðinu í Írak. Alcoa eru að byggja nýjar álbræðslur í Brasilíu og Trinidad. Fyrirtækið vill reisa amk sjö nýjar virkjanir á Amazonsvæðinu og þar með drekkja stórum hlutum af regnskóginum.



### Teikningar:

- Forsíða: Hengilssvæðið liggur undir eyðileggingu af völdum Orkuveitu Reykjavíkur til að knýja stóriðju
- Auglýsing frá hernaðardeild ALCOA.
- Stóriðja og gróðurhúsalofttegundir á Íslandi – mynd 1 miðar við enga frekari aukningu á stóriðju (aukningin er 38% frá 1990), mynd 2 þegar öll fyrirhuguð stóriðjuverkefni hafa komið fram (63% aukning).

### Fleiri virkjanir

Alcoa vill reisa nýja álbræðslu við Húsavík, Century-Rusal við Helguvík, Alcan-Rio Tintó og Norsk Hydro við Þorlákshöfn og Alcan-RioTinto enn í Hafnarfirði, jafnvel þó að stækkuninni hafi verið hafnað í kosningu.

Fari þessi plön eins og fyrirtækin vilja mun þurfa að virkja allar jökulár landsins til að næg orka sé til staðar. Það myndi eyðileggja hina einstöku náttúrumynd Íslands.


Landsvirkjun mun í vetur hefja vinnu við að reisa tvær stíflur í Þjórsá til að skapa orku fyrir Alcan og Alcoa.

### HÖLDUM ÞEIM FJARRI!


Við getum valið hvort að Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun og Orkuveita Suðurnesja eiga að selja orku til þessara stórfyrirtækjabófa. Látið ykkar sveitarstjórnarfolk vita að þið viljið ekki að ykkar eigið orkufyrirtæki eigi viðskipti við Alcoa, Alcan-Rio Tintó og Century-Rusal.

### Frekari upplýsingar

[www.SavingIceland.org](http://www.SavingIceland.org)



Scenario 1	Gg CO <sub>2</sub> -eq	Kyoto target
Average emissions of greenhouse gas, 2008–2012	4,519	13% under
Average emissions of greenhouse gas not including emissions falling under Decision 14/CP.7, 2008–2012	3,294	9% under
Total emissions in 2012	4,481	37% increase from the 1990 level
Emissions in 2012, not including emissions falling under Decision 14/CP.7	3,249	1% decrease from the 1990 level
Total emissions in 2020:	4,519	38% increase from the 1990 level



Scenario 2	Gg CO <sub>2</sub> -eq	Kyoto target
Average emissions of greenhouse gas, 2008–2012	4,959	5% under
Average emissions of greenhouse gas not including emissions falling under Decision 14/CP.7, 2008–2012	3,360	7% under
Total emissions in 2012	5,236	60% increase from the 1990 level
Emissions in 2012, not including emissions falling under Decision 14/CP.7	3,344	2% increase from the 1990 level
Total emissions in 2020:	5,335	63% increase from the 1990 level